

Boðað er til 1. fundar skólaráðs Urriðaholtsskóla miðvikudaginn 10. febrúar 2022 klukkan 15 í Urriðaholtsskóla

Fundinn sitja, Þorgerður Anna Arnardóttir, Þórey Huld Jónsdóttir, Una Guðrún Einarsdóttir, Þóra Björg Hallgrímsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Ásta Kristín Ingólfssdóttir, Agnes Þóra Árnadóttir, Hrafn Guðbrandsson og Þorvaldur Þorsteinsson.

### 1. **Kynning á niðurstöðum ytra mats MMS á skólastarfi Urriðaholtsskóla**

Farið yfir niðurstöður með kynningu sem skólanum barst frá matsaðilum Menntamála-stofnunar. Helstu styrkleikar og tækifæri til umbóta dregin fram. Unnin verður umbótaáætlun og hún birt á heimasíðu skólans.

Fulltrúi grenndarsamfélags hvetur til að taka alvarlega niðurstöður um einelti í Skólápúlsi. Gagnrýni skólastjórnenda á þessar niðurstöður voru að þeir hefðu viljað fá meiri upplýsingar um líðan barna og í hverju eineltið sem þeir upplifa felst. Skólastjórnendur taka samt sem áður undir að mikilvægt sé að bregðast við slíkum niðurstöðum strax. Sú vinna er hafin með því að greina bæði hvort það sé vandi og hver hann er. Búið er að gera tengslakönnun og kannanir á líðan barna og verið er að vinna með félagsfærni og samskipti nemendanna sem um ræðir. Upplýst um vinnu með Blæ, KVAN og ART í skólanum.

Aðstoðarskólastjóri grunnskólastigs fór yfir þær athugasemdir sem komu frá skólanum um niðurstöður ytra mats. Þar bæri helst að nefna að í skýrslunni koma fram niðurstöður skólans í Lesfimi í september síðastliðinn. Mikilvægt væri að það kæmi fram að í vaxandi skólasamfélagi gæfi sú mynd ekki réttar upplýsingar um lestrarkennslu skólans, þar sem þriðjungur nemenda sé nýr við skólann hvert haust frá stofnun. Niðurstöður í maí gæfi betri upplýsingar og lagt var til við MMS að í matinu yrði litið til maí niðurstaðna í öllum skólum til þess að verið væri að bera saman samskonar gögn á milli skóla.

Þá hrósuðu fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags skólanum fyrir flottar niðurstöður í ytra mati og hversu langt skólinn er kominn á ekki lengri tíma. Skólastjóri þakkar fyrir og lýsir stolti skólastjórnenda og starfsfólks með niðurstöðurnar.

### 2. **Um fjöllum og ályktun um tillögur að skóladagatali skólaársins 2022-23**

Tillagan verður lögð fyrir skólanefnd 16. febrúar og skólaráð þarf að samþykkja okkar dagatal.

Fulltrúi foreldra óskar eftir skýringum á því af hverju skipulagsdagar séu í miðri viku. Skýringin er sú að dögum er dreift á ólíka vikudaga til að ekki falli alltaf niður kennsla í sömu fögum eða verkefnum. Umræða verður um þarfir leik- og grunnskóla hvað varðar tímasetningu skipulagsdaga. Lagt til að fimmti skipulagsdagur beggja skólastiga verði í maí og lagt til að samþykkja skóladagatal. Skóladagatal er samþykkt af skólaráði.

### 3. **Staðan á áætluðum framkvæmdum**

Byggingarnefndarteikningar eru í lokavinnslu og í framhaldi verður farið í útboð. Ráðgert að það sé á næstu vikum. Búið er að panta færanlegar einingar fyrir bráðabirgða eldhús sem staðsett verður austan megin við skólann. Þá taka við framkvæmdir við að flytja eldhús og breyta suður anddyri grunnskólastigs aftur í anddyri. Framkvæmdir á næsta byggingahluta geta þá hafist í kjölfarið.

### 4. **Nemendafjöldi – áætlun næstu misseri**



Umsóknir farnar að berast fyrir næsta skólaár á báðum skólastigum. Skólastjóri fór yfir rauntölur um nemendur sem eru í skólanum og þá sem búa að auki í hverfinu. Rætt um að vaxtaverkir verði til staðar áfram varðandi mönnun og húsnæði í miklum vexti. Það tók til að mynda langan tíma að ráða sérkennara sem kemur til starfa í febrúar. Forstöðumaður frístundar hefur sagt starfi sínu lausu og ráðið var í stöðuna innanhúss tímabundið til vors. Um er að ræða einstakling með reynslu í frístunda- og félagsmiðstöðvarstarfi með börnum og unglingum. Erfiðlega gengur að klára ráðningar á leikskólastigi, þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar vantar enn starfsfólk. Nokkur endurnýjun varð á starfsfólki á leikskólastigi um áramótin og er enn verið að vinna að lendingu varðandi það.

### 5. Önnur mál

Dagskipulag og fréttir af starfinu - Óskað eftir upplýsingum um dagskipulag og daglegt starf og að það sé samræmt á milli svæða. Rætt um ráðningar, að leitast við að mæta þörfum barnahópsins og finna einstaklinga sem passa inn í þau starfsmannateymi sem eru fyrir á heimasvæðinu.

### Skólamat

Fulltrúi foreldra á leikskólastigi upplýsir um stöðu umræðna við Skólamat. Gerð var athugasemd við að staðlar um hollusta væru ekki til staðar og því ekki í samræmi við staðla Landlæknisebættis um hollustu matar leikskólabarna. Því væri ekki hægt að meta hvort hollusta matar mætir því 40% viðmiði sem segir í samningi Garðabæjar við Skólamat. Starfsfólk sammála um að greina megi greinilegar framfarir í samsetningu og fjölbreyttni máltíða en enn þurfi að stíga stór skref til batnaðar. Skólaráð sammála um að veita þurfi Skólamat aðhald og byggja upp áframhaldandi samstarf með hagsmunum nemenda skólans að leiðarljósi.

### Covid

Fjarvera starfsfólks mikil vegna Covid og annara veikinda. Börn voru meira veik samhliða starfsfólki í desember, nú er staðan önnur, börn meira í húsi en fjarvera starfsfólks er enn mikil.

### Desembergleði

Fulltrúi grenndarsamfélags eru veittar þakkir fyrir móttöku barna í golfskálann. Virkilega vel heppnaðar heimsóknir.

### Samgöngur

Ákveðið að skólaráð og foreldrafélag skólans, stjórn íbúasamtaka Urriðaholts og Golfklúbburinn Oddur leiti leiða til að bæta samgöngur á milli hverfisins og Golfskálans með frekara samstarf skólans í huga. Þá kom fram að einnig er mikilvægt að bæta samgöngur hverfisins við Heiðmörk.

**Fundi slitið klukkan 16:25**